

**63 Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Þorvald-  
15. apríl ínu S. Jónsdóttur«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands  
15. apríl 1915.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð Þorvaldínu S. Jónsdóttur“.

### 1. gr.

Sjóður þessi, sem er stofnaður með dánargjöf Jóns Jónssonar á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal, skal samkvæmt ákvörðun gefanda heita »Minningarsjóður Þorvaldínu S. Jónsdóttur« og vera eign Heilsuhælisins á Vífilstöðum.

### 2. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 4278.28 í veðdeildarbrjefum Landsbankans og peningum.

Þegar sjóðurinn hefir náð 5000 krónum, skal verja  $\frac{4}{5}$  hlutum árlegra vaxta til þess að styrkja einn eða fleiri sjúklinga, er til hælisins leita, en  $\frac{1}{5}$  hl. vaxtanna skal leggja við höfuðstólinn.

### 3. gr.

Brjóstveikir menn og konur úr Norður-Múlasýslu, sjerstaklega af Jökuldal, er hælisins leita, skulu að jafnaði ganga fyrir öðrum með styrkveitingu úr sjóðnum.

### 4. gr.

Yfirstjórn Heilsuhælisins hefir á hendi stjórn sjóðsins, veitir styrk úr honum, semur árlega reikning hans, er síðan skal birtur í Stjórnartíðindunum.

### 5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Yfirstjórn Heilsuhælisins á Vífilstöðum.

Reykjavík, 8. apríl 1915.

*Kl. Jónsson. G. Björnsson. Síghvatur Bjarnason.*